



FRÉTTATILKYNNING

www.2013sopoc.org

Alþjóðaleikar Special Olympics 26. janúar – 5. febrúar 2013 Gangneung / Pyeongchang S Kóreu

Þann 24. janúar halda þrír íslenskir keppendur til S Kóreu á alþjóðaleika Special Olympics. Það eru þau **Katrín Guðrún Tryggvadóttir, Þórdís Erlingsdóttir og Júlíus Pálsson**, frá skautadeild Aspar sem munu taka þátt í listhlaupi á skautum. Ísland tók fyrst þátt í listhlaupi á skautum á alþjóðaleikum Special Olympics í Japan árið 2005 Ísland mun í fyrsta skipti eiga fulltrúa í parakeppni, þar sem Þórdís og Katrín Guðrún taka þátt en öll keppa þau einnig í einstaklingsgreinum Tveir þjálfarar fylgja keppendum og gegnir annar þeirra hlutverki fararstjóra. Þrír aðstandendur verða einnig viðstaddir leikana. Íslenski hópurinn býr í Seoul fyrstu dagana og tekur þátt í vinabæjardagskrá 26. – 29. Janúar. Markmið er að þátttökuþjóðir geti kynnst menningu og siðum þjóða sem standa að leikunum hverju sinni. Í tengslum við leikana var sett upp skólaverkefnið Special Olympics School Enrichment og nemendur Hólabrekkuskóla hafa tekið þátt í því verkefni og aðstoðað íslensku keppendurna.

2.300 keppendur frá 120 löndum taka þátt í 7 íþróttagreinum, alpagreinum, norrænum greinum, skautahlaupi, listhlaupi á skautum, snjóbrettakeppni, snjóþrúgugöngu, og hokký. Á leikum Special Olympics keppa einstaklingar með þroskahömlun, jafnt byrjendur sem lengra komnir. Umgjörð alþjóðaleikanna er glæsileg og líkist umgjörð ólympíumóta fatlaðra en keppnisformið er gjörólíkt. Úrslitariðlar byggja á keppni jafningja, engin lágmörk þarf á leikana, allir fá verðlaunapening eða verðlaunaborða og því hafa margir upplifað sig sem sigurvegara í fyrsta skipti á ævinni á leikum Special Olympics samtakanna.

Íþróttasamband fatlaðra hefur verið umsjónaraðili starfsemi Special Olympics á Íslandi frá árinu 1989. Kennedy fjölskyldan stofnaði Special Olympics International (SOI) árið 1968, Eunice Kennedy Shriver var forsvarsmaður SOI í tugi ára en nú er sonur hennar Timothy Kennedy Shriver í forystuhlutverkinu. Alþjóðaleikar eru haldnir fjórða hvert ár og voru frá upphafi haldnir í Bandaríkjunum, jafnt sumar sem vetrarleikar. Það var fyrst árið 2003 sem leikarnir fóru fram utan USA, þá í Dublin í Írlandi, árið 2007 í Shanghai í Kína og 2011 í Aþenu í Grikklandi. Vetrarleikar fóru í fyrsta skipti fram utan USA árið 2005, þá í Japan. Næstu alþjóðasumarleikar Special Olympics verða Los Angeles 2015.



Allar nánari upplýsingar fúslega veittar

Með bestu kveðju

Anna Karólína Vilhjálmstöttir

Frkvstj.Special Olympics á Ísland

GSM 8975523



Íslenski hópurinn



Júlíus Pálsson 21 árs



Þórdís Erlingsdóttir 24 ára



Katrín Guðrún Tryggvadóttir 23 ára



Guðbjört Erlendsdóttir, þjálfari



Helga Olsen, fararstjóri og þjálfari

Dagskrá

Þriðjudagur 29. Janúar 2013

Kl.18.00–20.25

Opnunarhátíð

Miðvikudagur 30. jan. 2013

Kl.09:00-11:30 Æfing og keppni Level 1 – skylduæfingar: Júlíus Pálsson

Kl.15:30-18:00 Æfing og keppni Level 2 – Skylduæfingar:

Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttir

Fimmtudagur 31. janúar 2013

Kl.13:20-14:50 Æfing og keppni Level 1 Par – Skylduæfingar:

Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttir

Föstudagur 1. febrúar 2013

Kl.14:45-16:25 Keppni Level 1 – Frjálst prógram: Júlíus Pálsson i

Kl.16:40-18:30 Keppni Level 2 – Frjálst prógram:

Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttir

3. febrúar 2013

Kl.14:00-14:50 Keppni Level 1 Par – Frjálst prógram:

Katrín Guðrún Tryggvadóttir og Þórdís Erlingsdóttir

Þriðjudagur 5. febrúar

Kl.19.00 – 20.30

Lokahátíð